

S A M Þ Y K K T

185

24. nóv.

um forkaupsrétt Siglufjarðar á lóðum og fasteignum, sem að sjó liggja í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum frá bryggjum Síldarverksmiðja ríkisins suður að lóðum Hafnarsjóðs Siglufjarðar í Innri höfn, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Hrimnis (Þormóðsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Samv.fél. Jarlinn (Þormóðsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henriksen (Henriksreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Hafliði (Hafliðareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi d.b. Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edvin Jacobsen við Gránugötu.
 Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Siglufjarðar (Kveldúlsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalín (Hjaltalínsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagssins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Hraðfrystihús sameignarfélagssins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Vigfúsar Friðjónssonar (Helgareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu, Ólagata 1, 2, 3 (Álalækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Ólagata 4).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Þóroddar Guðmundssonar (Ólagata 5).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Kallastöð) Snorragata 1.
 Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorragata 7).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Njörður (Snorragata 9).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorragata 11).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h.f., ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.

Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur á lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum sem hér segir:

Ránargata 2 (Kamsreitur), eign Oliuverzlunar Íslands h.f.

Hvanneyrarkrók III., eign Shell h.f.

Hvanneyrarakkanna, eign Vigfúsar Friðjónssonar.

Einnig lóðum, bryggju og mannvirkjum Síldarverksmiðja ríkisins, austan Vetrarbrautar.

Enn fremur allri strandlengjunni austan fjarðarins, frá Álfról út að Siglunes-skiðum, 150 m frá fjöruborði til fjalls, miðað við stórstraumsflóð.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. desember 1959 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

S A M Þ Y K K T

um skipun og skiptingu borgarstjóraembættisins í Reykjavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkir, að þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu tveir borgarstjórar settir í Reykjavík. Skal annar fara með fjármál bæjarins og verklegar framkvæmdir, en hinn með menntamál, heilbrigðismál og félagsmál.

2. gr.

Um verkaskiptingu borgarstjórnanna gilda eftirfarandi ákvæði:

A. Borgarstjóri fjármála og verklegra framkvæmda:

1. Fjármál bæjarins, þar á meðal tekjustofnar, innheimta bæjargjalda og sjóðir.
2. Bókhald, endurskoðun, hagsýsluskrifstofa.
3. Bæjarstarfsmenn, réttindi og skyldur.
4. Skipulagsmál, byggingarnefndarmál.
5. Verklegar framkvæmdir, þar á meðal gatna- og holræsagerð, byggingar skóla, íbúðarhúsa og sjúkrahúsa, lóðamál, umferðarmál.
6. Fasteignamál.
7. Vatnsveita.
8. Hitaveita.
9. Rafmagnsveita.
10. Bæjarútgerð.
11. Reykjavíkurhöfn.
12. Innkaupastofnun bæjarins.
13. Málefni, er varða bæjarfélagið í heild að því leyti, sem þau eru ekki sérstaklega falin borgarstjóra menntamála, félagsmála og heilbrigðismála.

B. Borgarstjóri menntamála, heilbrigðismála og félagsmála:

1. Fræðslumál.
2. Söfn, listir, íþróttamál, skemmtigarðar og leikvellir.
3. Framkvæmd heilbrigðismála.
4. Hreinlætismál.
5. Sjúkrahús og heilsuvernd.
6. Félagsmál, þar með talin hjúkrunar- og líknarmál, barna- og vistheimili, vinnumiðlun, almannatryggingar og framfærslumál.
7. Húsnæðismál, önnur en íbúðabyggingar.
8. Hagfræðideild, manntalsskrifstofa, kosningar.
9. Brunamál.
10. Húsatryggingar bæjarins.
11. Strætisvagnar Reykjavíkur.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt 6. mgr. 30. gr. laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. nóvember 1959.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.